

Nd.

592. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 18. maí 1935, um hæstarétt.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til athugunar um nokkurt skeið, en hefur ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess. Minni hl. nefndarinnar (GP) vill fella frumvarpið, en meiri hlutinn hefur hins vegar orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með neðanskráðri breytingartillögu. Þó telja tveir nefndarmanna (BJ og VJ) ekki ráðlegt að afnema með öllu prófskilyrðið, og hafa þeir óbundnar hendur um það atriði.

BREYTINGARTILLAGA.

Við 1. gr. Á eftir „lögfræðistörfum“ í 7. lið komi: sem aðalatvinnu.

Alþingi, 20. maí 1941.

Bergur Jónsson,
form.

Vilmundur Jónsson,
fundaskr.

Jóhann G. Möller,
frsm.

Gísli Guðmundsson.